

**Ed.**

## 199. Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 6 9. jan. 1935, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá Páli Zóphóniassyni.

1. Við 3. gr.
  - a. Í stað a—c-liða komi:

Fyrir einstakling .....	kr. 900.00
Fyrir hjón .....	— 1800.00
Fyrir hvert barn .....	— 700.00
  - b. Fyrir „skylduómaga“ komi: ómaga.
2. Á eftir 3. gr. komi 3 nýjar gr., er verða 4.—6. gr., svo hljóðandi:
  - a. (4. gr.) b-liður 19. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:

Búpening skal telja svo, sem hann væri fram genginn í fardögum næst á eftir, og með verðlagi, er ríkisskattanevnd ákveður til 10 ára í senn, að fengnum tillögum yfirskattanevnda, og í fyrsta sinn fyrir 1. jan. 1942.
  - b. (5. gr.)
    1. a-liður 30. gr. laga nr. 6 9. jan. 1935 orðist svo:

Skattanevndarmenn skulu hafa 10 kr. fyrir hvern starfsdag nefndarinnar, og er ráðherra heimilt að greiða þeim dýrtíðaruppbót á það, eftir vísitölu kauplagsnevndar.
    2. b-liður sömu greinar orðist svo:

Yfirskattanevndarmenn utan Reykjavíkur fá 10 kr. á dag og ferðakostnað. Heimilt er ráðherra að veita þeim dýrtíðaruppbót eftir vísitölu kauplagsnevndar. Borgun til formanna telst þó innifalin í embættislaunum þeirra.
  - c. (6. gr.) Heimilt er fjármálaráðherra að framlengja tímatakmarkanir þær, er um ræðir í 32. gr., ef ástæður eru til og skattanevndir óska. Sama gildir einnig tímaákvæði 36., 37., 38., 39. og 40. gr., um kærufresti og nær skattanevndir skuli hafa úrskurðað kærur.
3. Aftan við 5. gr. bætist: og lög nr. 57 frá 28. jan. 1935, um hlunnindi fyrir ný iðn- og iðjufyrirtæki, og lög nr. 44 frá 26. maí 1938 og breyting á þeim lögum, nr. 106 frá 14. maí 1940.